# BJARKAVELLIR 1b HAFNARFIRÐI.




**SNIÐ A-A. MKV. 1:100.**




**SNIÐ B-B. MKV. 1:100.**

Samþykkt þann
13 SEP 2012
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

## BJARKAVELLIR 1B. BYGGINGALÝSING/ VERKLÝSING:

Bjarkavellir 1B. er 5. hæða og kjallari, 1. stigahúsa fjölbýlishús, 25 íbúðir.
Húsið er hluti af 4ra. húsa samstæðu sem standa á sömu lóð.
*Húsið nr 1A fær því matshlutanúmerið 01, húsið nr 1B matshlutanúmerið 02, húsið nr 1C matshlutanúmerið 03* og húsið nr 1D matshlutanúmerið 04.

Byggingaefni:
Almennt á það við að öll byggingarefni í byggingunni skulu vera vottuð og uppfylla ákvæði byggingareglugerðar.

Byggingarlýsing / verklýsing:

*Undirstöður eru staðsteyptar á klöpp eða þjappaðri hraunfyllingu.*
Botnplata eru staðsteypt á þjappaðri hraunfyllingu.

Gólfplata kjallara er staðsteypt 12 sm. vélslípuð og eða með gólfílögn, með halla að niðurföllum.
Gólfplata 1 - 5 hæðar er staðsteypt 220 mm.
Gólfefni, eru flísar á votrýmum og anddyrum, á önnur gólf kemur parket, gólfdúkur eða teppi, gólf í kjallara skulu máluð með epoxy gólfmálningu eða sambærulegu.
*Útevggir kjallara eru staðsteyptir 200 mm.*
Útveggir 1, 2, 3, 4 og 5 hæðar eru staðsteyptir 180 mm.
Að utanverðu eru sýnilegir veggir kjallara múrhúðaðir og steinaðir í ljósum lit. Að innanverðu eru kjallarveggir pokapússaðir og málaðir í ljósum lit.
*Kjallaraveggir eru einangraðir að utanverðu með 75 mm sökkulmottum og drendúk.*
Að utanverðu eru veggir 1 - 5 hæða, einangraðir og klæddir með báruformaðri litaðri málmklæðningu liggjandi.
Á veggi er fest 45*100 mm. leiðurum c/c 600 mm., leiðurum er fest við steyptan vegg með vinklum c/c 1200mm., með Ø 10 mm. múrboltum eða öðrum jafn sterkum festingum.
Til að tryggja höggþol klæðningarinnar er leiðurum fjölgað um helming á neðstu 1200 mm. á veggjum.
Lýsing á festingum hér að ofan er leiðbeinandi, en burðarvirkis- verkfræðingur hússins skal sannreyna að verklýsingin uppfylli staðla og reglugerðir, og gefa út leiðrétta verklýsingu ef nauðsyn krefur.
Á milli leiðara er einangrað með 100 mm. steinull.(VEGGPLATA).
Á öllum útbrúnum og samskeytum skal gengið frá með formuðum flasningum úr sama efni og klæðningin.
Vatnsbretti og áfellur skulu vera úr sama efni og klæðningar.
Steyptir veggir, handrið og súlur utanhúss sem ekki eru klæddir s.b.r. hér að framan eru með steinaðri múráferð í ljósum lit.
Þak er byggt úr timbursperrum sem hvíla á steyptri efstu plötu, þak er heilklætt með 25*150 mm. borðvið, þakpappa og þakstáli.

Að innanverðu skulu steyptir veggir vera með sléttri áferð tilbúnir fyrir sandspartl og málningu.
*Veggir (eldhindrandi) milli einstakra brunahólfa, aðrir en steyptir eru a.m.k. EI60 eldhindrandi veggir.*
Hlaðnir EI60 veggir, ekki berandi veggir mill einstakra brunahólfa, skulu uppbyggðir a.m.k. sem hér segir:
70 mm. hlaðin vikurveggur, múrhúðaður beggja vegna með 15 mm. múrhúð.
Léttir EI60 veggir, léttir milliveggir á milli einstakra brunahólfa, skulu uppbyggðir a.m.k. sem hér segir: 35 * 120 mm. blikkgrind fyllt með steinullareinangrun (Veggull) og klæddir beggja vegna með 2 *13 mm. gifsplötum.
Léttir ekki berandi innveggir í íbúðum eru sem hér segir: 35 * 70 mm. blikkgrind klæddir beggja vegna með 2 *13 mm. gifsplötum.

Húsið verður hitað með miðstöðvarofnum, og eru lagnir sýnilegar að hluta.

LR. táknar loftræsting.
Herbergi og svæði sem liggja að útvegg eru loftræst um opnanl. glugga,
lokuð innrými eru loftræst í gegnum blikk stokka, sjálftrekkjandi eða með vélrænni loftræstingu eftir því sem við á.

Koma skal fyrir gólfniðurföllum í öllum votrýmum, þ.e. baðherbergjum og þvottahúsum, auk þess skulu vera niðurföll í eftirtöldum sameiginlegum rýmum: Hjóla og vagna geymslum, inntaksklefum.

Í húsinu er gert ráð fyrir að sorpflokkun fari fram, og verður stuðlað að því með því að með lita aðgreindum sorpgámum, annarsvegar fyrir lífrænt heimilssorp og hinsvegar fyrir flöskur pappír og annað flokkanlegt sorp.

*Íbúð nr. 01-01. í húsi nr. 1a. er sýnd innréttuð með þarfir hreyfihamlaðra í huga, samnber grein. 79.10 í byggingareglugerð.*

**Frg. á lyftum og lyftubúnaði:**
**Lyftan skal vera víraalyfta, í steyptum loftræstum lyftustokk, hurðir á lyftustokki séu a.m.k EI-CS30.**
**Lyftan skal uppfylla ákvæði "EVRÓPU STAÐALS" EN-81.**
**Miða skal við að lyftan hafi 1000 kg burðargetu, og rými 13 manns.**
**Lyftan skal hönnuð fyrir a.m.k. 1 m hraða pr. Sek.**
**Hurðir skulu vera að minnstakosti 90 sm breiðar.**
**Tengibúnaður lyftu er staðsettur í loftræstu rými merkt "TÆKNIRÝMI LYFTU".**
**Lyftan og lyftubúnaður skal vera viðurkend af Vinnueftirliti ríkisins og skal eldvarnareftirlit samþ. búnað og frg. lyftunnar.**

- - -> BO. táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
—> Táknar rýmingarleið, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.
⊗ Reykskynjari, staðsetjist samkv. teikningu.

Eldvarnarbúnaður og slökkvitæki skulu staðsetjast í samráði við slökkvilið.

Anddyrishurðir íbúða skulu vera sjálflokandi með hurðarpumpu.

## BJARKAVELLIR 1b HAFNARFIRÐI.

Sigurður Þorvarðarson byggingafræðingur bfí.
Teiknistofan Strandgötu 11 220 Hafnarfirði.
Sími: 5651510. Netfang: teiknistofan@simnet.is
STH. teiknistofan ehf. kt. 510298-2769. Kt. aðalhönnuðar: 141250-4189.

| | |
|---|---|
| Skýringar: | Aðaluppdráttur. |
| Teikning: | Snið A-A & B-B |
| Mælikvarði: | 1 : 100. |
| Undirskrift: | 6/9/12 |
| Blað nr: 7 af 11. | Dagsetning: 27. ágúst 2012. |
| Breytt: | |